



FUNDARGERÐ 513. FUNDAR STJÓRNAR SORPU

Stjórnarfundur SORPU bs., kt. 510588-1189, mánudaginn 5. mars 2025. Fundurinn er settur klukkan 07:30. Fundurinn er staðfundur að Köllunarklettsvegi 1, 104 Reykjavík.

Fundarstjóri: Árelía Eydís Guðmundsdóttir, formaður stjórnar.

Fundarritari: Gunnar Dofri Ólafsson.

Sækja staðfund: Aldís Stefánsdóttir, Árelía Eydís Guðmundsdóttir, Gunnar Valur Gíslason, Orri Vignir Hlöðversson, og Valdimar Víðisson.

Sækja fjarfund: Svana Helen Björnsdóttir.

Jón Viggó Gunnarsson, framkvæmdastjóri, Gunnar Dofri Ólafsson, sviðsstjóri þjónustu- og samskiptasviðs, og Þórhallur Hákonarson fjármálastjóri sækja fjarfund.

Til fundarins hafði verið boðað með lögformlegum hætti í samræmi við starfsreglur stjórnar og er því fundurinn ákvörðunar- og ályktunarbær.

Tekið fyrir

1. Ársreikningur SORPU bs. 2024 og endurskoðunarskýrsla fyrir starfsárið 2024

Theodór S. Sigurbergsson, löggiltur endurskoðandi hjá Grant Thornton og Sigrún Guðmundsdóttir, fulltrúi í endurskoðunarnefnd SORPU bs., taka sæti á fundinum undir þessum lið.

Gestir og fjármálastjóri gera grein fyrir ársreikningi SORPU bs. 2024 og endurskoðunarskýrslu fyrir starfsárið 2024.

Lagt var fram bréf endurskoðunarnefndar, dagsett 3. mars 2025.

Stjórn samþykkir ársreikning SORPU bs. 2024.

Ársreikningur SORPU bs. 2024 og endurskoðunarskýrsla fylgja fundargerð.

2. Skýrsla innri endurskoðunar fyrir árið 2024

Sigrún Guðmundsdóttir og Jón Sigurðsson, löggiltur endurskoðandi hjá PWC sitja fundinn undir þessum lið og gera grein fyrir skýrslu innri endurskoðunar fyrir árið 2024.

3. Starfsskýrsla endurskoðunarnefndar

Sigrún Guðmundsdóttir situr fundinn undir þessum og gerir grein fyrir starfsskýrslu endurskoðunarnefndar SORPU bs.



4. Starfskjaranefnd

Formaður starfskjaranefndar fór yfir vinnu starfskjaranefndar.

5. Minnisblöð um árangur af handflokkun drykkjarferna, og um kostnað við flokkunina – frestað

Stjórn SORPU bs. kallaði á 511. fundi eftir greiningu á árangri og kostnaði við flokkun á drykkjarfernum sem ákveðið var að ráðast í um mitt ár 2023.

Sviðsstjóri þjónustu- og samskiptasviðs gerir grein fyrir drögum að minnisblaði um árangur af handflokkun drykkjarferna í blönduðum pappírsstraumi frá SORPU bs., og minnisblaði um kostnað við handflokkunina.

Minnisblað um kostnað við handflokkunina fylgir fundargerð.

6. Jafnlaunastefna og innkaupastefna SORPU

Ingi Jarl Sigurvaldason, innkaupastjóri, og Kolbrún Sif Skúladóttir, mannauðsstjóri, taka sæti á fundinum og gera grein fyrir innkaupastefnu og jafnlaunastefnu SORPU.

Stjórn samþykkir jafnlaunastefnu og innkaupastefnu SORPU.

7. Önnur mál

Stjórn fær senda kynningu á niðurstöðum rannsóknar á úrgangi við heimili fyrir árið 2024.

Kynningin fylgir fundargerð.

Næsti fundur

Næsti fundur er boðaður 2. apríl klukkan 07:30.

Fleira var ekki gert og fundi slitið 09:49.